

2. gr.

Allur kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda frá og með 1. janúar 1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. nóvember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

8. nóvember 1996

Nr. 587

AUGLÝSING

um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1997.

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1997 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna, skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

Umsóknir um innflutningsleyfi þurfa að berast innan þess frests sem kveðið verður á um í auglýsingu Hollustuverndar ríkisins í Lögbirtingablaðinu.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal stuðst við magn (HCFC) og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins árið 1989.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. nóvember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

7. nóvember 1996

Nr. 588

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Aðili, sem selur skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 800.000 kr. á almanaksári, skal á næsta almanaksári nota það sem uppgjörstímabil. Jafnframt skulu aðilar sem eru að hefja skattskylda starfsemi nota almanaksárið sem uppgjörstímabil.

Ákvæði þetta tekur ekki til eftirtalinna aðila:

1. Aðila sem falla undir 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.
2. Aðila sem falla undir I. kafla reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu fasteigna.
3. Aðila sem hafa yfirtekið rekstur skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, enda hafi seljanda ekki borið að gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr.
4. Aðila sem fengið hafa skráningu skv. 4. gr. eða 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
5. Aðila sem gera upp virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð nr. 58/1991, um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil hafi skattskyld velta hans undanfarið almanaksár verið undir þeim mörkum sem greinir í 1. mgr.

Fari skattskyld velta aðila skv. 1. mgr. umfram þau mörk sem þar greinir skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup skattaðila á almanaksárinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aðili sem hættir starfsemi gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á almanaksárinu á gjalddaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur.

2. gr.

Í stað orðanna „leiðréttingaruppgjör skv. 3. mgr. 3. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: uppgjör skv. 4. eða 5. mgr. 3. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 3. gr.“ í 2. mgr. 15. gr. kemur: 4. eða 5. mgr. 3. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 24. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Bráðabirgðaákvæði

Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 800.000 kr. á almanaksárinu 1996 skulu nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 7. nóvember 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.